



52. Stúdentaráðsfundur

Fundur Stúdentaráðs

15. nóvember 2017

Fundarritari: Sólveig María Árnadóttir

Fundur settur: 16:10

Mættir: Ketill Sigurður Jólsson, Thelma Rut Káradóttir, Sólveig María Árnadóttir, Hörður Ingi Kristjánsson, Lís Margrét Rúnarsdóttir, Sigurbjörg Arna Stefánsdóttir, Heiða Björg Guðjónsdóttir, Páll Hólm Sigurðarson, Andrés Tryggvi Jakobsson, Pétur Már Jónsson, Berglind Hannesdóttir, Bergdís Sigfúsdóttir, Magnús Víðisson.

Fjarverandi: Kristín Gerðalíð boðaði forföll.

Dagskrá 52. Fundar stúdentaráðs

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.
2. Háskólaráð.
3. Hvað er að fréttu?
4. Alþjóðanefnd.
5. Styrktarbeiðni.
6. Hugmyndir að fundarefni desemberfundar.
7. Önnur mál.



1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.

Samþykkt.

2. Háskólaráð.

Berglind Ósk Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda í háskólaráði er mætt til þess að hvetja formenn aðildarfélaga til aukinna samskipta við sig, varðandi mál sem kunni að koma upp á deildar- og deildarráðsfundum. Auk annarra mála sem kunni að koma upp innan deilda. Berglind er lögfræðinemi og getur því tekið virkan þátt á fundum þegar málefni tengd lagadeild eru boðin upp, hún óskar eftir auknu samstarfi, til þess að geta komið sjónarhornum allra stúdenta skólans, betur á framfæri.

3. Hvað er að fréttu?

Í fundarboði voru formenn allra aðildarfélaga og fastanefnda beðnir um að upplýsa stúdentaráð um fréttir frá sinni starfsemi.

Hörður Ingi segir að það sé lítið að fréttu hjá Data, þeir eru í prófum og meðlimir með fullan hug við þau. Data hélt LAN-kvöld um daginn, þeir stefna á skemmtun eftir próf, fyrir þriggja vikna námskeið. Hörður byrjaður að skipuleggja Stóru Vísó f. Data, hefur verið í samskiptum við formann Tvíundar (félag tölvunarfr. nema í HR).

Sigurbjörg segir frá því að Kumpáni, Eir og Magister séu að skipuleggja sameiginlegt spilakvöld. Sibba hefur sent út nokkrar fyrirspurnir varðandi Stóru Vísó. Lítið að fréttu af deildarráðsfundum, sem varðar nemendur.

Lísa Margrét tekur undir spilakvöld Sigurbjargar. Á laugardaginn s.l. höfðu samtök sjúkraliða á Norðurlandi samband við Lísu og óskuðu eftir því að Eir



myndi mæta á Glerártorg n.k. laugardag milli 13 og 16 að taka blóðsykursmælingar. Hún hvetur meðlimi stúdentaráðs til þess að mæta. Lísu finnst fólk liggja í dái varðandi félagslíf, nefnir að stjórnarmeðlimir reyni sitt besta til þess að hvetja til þátttöku en það gangi þó ekki rosalega vel. Eir er aðeins byrjað að plana Stóru Vísó, listi yfir staði til að heimsækja hefur verið lagður fram. Mikið af stefnumótunarvinnu í gangi á deildarráðsfundum heilbrgiðisv. deildar.

Bergdís, formaður kynninganefndar nefnir hversu vel Opnu dagarnir gengu. Það kom mikið hrós frá kennurum framhaldsskólanna, að þetta væru einir flottustu opnu dagarnir sem haldnir hafa verið innan skólans. Verið er að undirbúa stóra háskóldaginn sem verður 3. mars n.k.

Magnús færir fréttir frá Alþjóðanefnd. Nefndin reynir að halda einn viðburð fyrir meðlimi í mánuði. Þann 23. nóvember n.k. verður bíókvöld fyrir Alþjóðanefndina. Það er kominn umboðsmaður skiptinema, sem sér um að ná meira til skiptinemanna sjálfra, það hefur virkað vel. Skiptinemar eru glaðir og ánægðir hjá okkur skv. Magnúsi.

Páll Hólm segir að Reki hafi farið í vísindaferð til Vís s.l. föstudag. Hann nefnir að Reki sé að vinna að því auka samstarf á milli Reka og Stafnbúa. Stóra Vísó er í skipulagningu og hefur Reki þegar haft sambönd við nokkur fyrirtæki og hafa fengi staðfestingu frá tveimur fyrirtækjum. Páll nefnir nýjar reglur Viðskiptafræðideildar varðandi það að nemandi má ekki falla oftár en 10 sinnum í námi sínu við skólann.

Pétur segir að ýmislegt hafi gengið á hjá Þemis. Í síðasta mánuði var lota hjá lagadeildinni, haldnir voru þrír viðburðir í þeirri viku. Meðal annars var farið í vísindaferð á lögmannsstofu. Pétur nefnir að síðasta mánuð hafi félagið



skipulagt heimsóknir í stjórnmaflokka sem buðu fram til Alþingis í alþingiskosningunum. Pétur nefnir Stóru Vísó, stjórnin er farin að hugsa um ferðina og mögulegt samstarf við Reka í þeirri ferð. Pétur segist stefna að því að þemis standi fyrir málþingi um nýfallinn dóm EFTA er varðar innflutning á fersku kjöti. Pétur nefnir góða vinnslu á málum í deildarráðsfundum.

Heiða Björg nefnir mjög slaka mætingu á viðburði, tekur dæmi um skautuferð þar sem tveir mættur frá Kumpána og 8 manns frá Magister. Heiða veltir því fyrir sér hvernig hægt sé að fá fólk til þess að mæta, hvernig sé t.d. hægt að draga að fjölskyldufólk sem er t.d. í meirihluta í kennaradeildinni og hún spyr hvað sé hægt að gera til þess að fá fólk til þess að mæta á viðburði. Stjórn Magister er ekki farin að skipuleggja Stóru Vísó.

Andrés nefnir góða mætingu á viðburði Stafnbúa í lotum og almennt sé auðvelt að fá aðila félagsins til þess að mæta á viðburði, nefnir að Stafnbúar hafi t.d. verið fjölmennastir á Litlu Ólympíuleikunum. Andrés tekur undir mögulegt samstarf við Reka, þó séu einhverjir óánægðir og óvissir varðandi samstarf. Stafnbúi hefur óskað eftir hugmyndum frá meðlimum varðandi Stóru Vísó. Átján manns frá Stafnbúa eru á Sjávarútvegssýningu fyrir sunnan þessa dagana, þar sem þeir munu m.a. kynna Háskólann á Akureyri.

Berglind lætur alla aðila stúdentaráðs fá drög að dagskrá fyrir Stóru Vísó, þar sem inni eru sameiginlegar ferðir og viðburðir í ferðinni. Hún nefnir þó að fimmtudagurinn sé enn í skoðun en annað sé ákveðið. Berglind óskar eftir skipulagi frá aðildarfélagunum fyrir 1. desember, þannig að hægt sé að láta skráningu hefjast strax í byrjun janúar þegar skólinn hefst aftur. Berglind segir að skipulagning fyrir árshátíð sé einnig í fullu gangi og það gangi mjög vel.



4. Alþjóðanefnd.

Kristín Gerðalíð, formaður Alþjóðanefndar hefur hætt í skólanum og því þarf að taka ákvörðun varðandi starf hennar í stúdentaráði. Framkvæmdastjórn setur boltann á fundargesti og spyr hvert skref stúdentaráð skuli vera varðandi þá staðreynd að aðili í stúdentaráði sé ekki lengur nemandi skólans.

Pétur, formaður Þemis segir að það sé ekki forsvaranlegt að manneskja sem ekki er nemandi skólans, sitji í stúdentaráði. Aðrir meðlimir taka undir orð Péturs og því leggur Ketill til að Alþjóðanefnd þurfi nú að kjósa um það hver innan nefndarinnar, muni stíga upp og gegna embætti formanns nefndarinnar ásamt því að sitja í stúdentaráði.

5. Styrktarbeiðni.

Stúdentaráði hefur borist 4 styrktarbeiðni. Samhliða fundardagskrá voru send út fundargögn þar sem fulltrúar gátu lesið styrktarbeiðnirnar sem um ræðir.

Hægt er að nálgast þær hér:

https://drive.google.com/open?id=1J8sUqgnHha7kW_Z_kUHfDSR2yl3iayh5

Fjórir aðilar úr stjórn Þemis, félag laga- og lögreglufræðinema óska eftir ferðastyrk FSHA og er formaður Þemis því beðinn um að víkja á meðan styrktarbeiðnirnar eru afgreiddar.

Spurt er um þær reglur sem lúta að þeim styrktarbeiðnum er varða ferða- og ráðstefnustyrki sem berast FSHA. Fulltrúar framkvæmdastjórnar hafa síðustu daga leitað gagna og upplýsinga varðandi reglur félagsins sem snúa að styrktarbeiðnum. Sú upplýsingaleit leiddi það í ljós að ekki er til nein viðmið er varða styrktarbeiðni og hefur í raun allur gangur verið á framkvæmd þeirra.

Gögn um styrki veitta af fyrri starfsárum stúdentaráðs, eru ekki aðgengileg.

Framkvæmdastjórn telur það vera ábótavant og telur nauðsynlegt að útbúa



skýran ramma sem fyrst.

Lísa Margrét og Sibba taka undir ummæli framkvæmdastjórnar og nefna báðar að auk þess þurfi sýnileiki að vera mun meiri en raun ber. Ketill tekur undir með stelpunum og segir það hafa verið vandamál síðustu ár, að aðilar í stúdentaráði hafi helst verið að óska eftir styrkjum, því það eru einstaklingar sem viti af þeim. Með því að út búa skýran ramma sé hægt að birta upplýsingar á vefsíðu FSHA þar sem allir nemendur skólans sjái að FSHA sé að veita þá styrki sem um ræðir.

Framkvæmdastjórn leggur til að framkvæmdastjórn hefji strax vinnu að rammagerð sem snýr að styrktarbeiðnum, sem lögð verði fyrir stúdentaráð á næsta fundi stúdentaráðs. Sólveig og Thelma taka einnig fram að þær hafi fyrir fundinn í dag, talað við fagaðila sem kvað meðal annars á um að í styrktarbeiðni þyrfti ávallt að vera nákvæmar dagsetningar á ráðstefnum (eða öðru sem um ræðir) auk þess sem nauðsynlegt er að óska eftir ákveðinni styrktarupphæð. Framkvæmdastjórn leggur því jafnframt til að óska eftir því að þeir umsóknaraðilar sem um ræðir, skili sameiginlegri styrktarbeiðni þar sem komi fram nánari dagsetningar ásamt þeirri styrktarupphæð sem óskað er eftir. Sú tillaga er samþykkt einróma.

Sólveig bætir við að þarfnist þeir aðilar sem um ræðir í þessu tilviki, afgreiðslu áður en rammagerðin verði lögð fyrir stúdentaráð, þ.e. fyrir næsta stúdentaráðsfund. Skuli ný umsókn send til framkvæmdastjórnar sem efni til rafrænnar kosningar. Sú tillaga er samþykkt einróma.

6. Hugmyndir að fundarefni desemberfundar.

Ketill tekur fram að framkvæmdastjórn fundi með rektor einu sinni í mánuði og í desember muni rektor mæta á fund stúdentaráðs.



Sibba, formaður Kumpána og fulltrúi nemenda í jafnréttisráði leggur til að jafnréttisráð mæti á fund stúdentaráðs, hún mun fara á fund í jafnréttisráði á morgun (16. nóv) og ætlar að kanna áhuga á því að jafnréttisnefnd mæti á næsta fund stúdentaráðs. Vel er tekið í þá tillögu og nefnir Sólveig í því samhengi að sniðugt væri til dæmis að kynna verkefnið Rettinda Ronja, þar sem fáir innan stúdentaráðs vita yfir höfuð hvað Réttinda Ronja er. Ketill óskar jafnframt eftir því að fulltrúar leggi höfuðið í bleyti varðandi fundarefni desemberfundar og óski eftir að fá að taka mál fyrir, undir öðrum málum, þegar framkvæmdastjórn boðar til næsta fundar.

7. Önnur mál.

1. Námskeiðsmat á Uglu.

Vonandi mun opna fyrir námskeiðsmat í vikunni, eða byrjun næstu. Okkar hlutverk, sem og áður er að hvetja samnemendur okkar til þátttöku. Við ætlum að stefna að því að ná a.m.k. 60% þátttöku. Í fyrra var dreginn sigurvegari sem vann iPhone. Að öllum líkindum mun FSHA taka þátt í kostnaði, með skólanum, á iPad sem yrði í verðlaun.

2. Staða með lengri opnunartíma í ræktinni.

Fyrirspurn barst fyrir fund þar sem óskað var eftir því að framkvæmdastjórn myndi upplýsa um stöðu varðandi lengri opnunartíma í hreyfisal skólans. Thelma nefnir að staðan sé sú að verið sé að skoða það að veita nemendum aðgengi að salnum allan sólarhringinn og muni það vonandi taka gildi strax eftir áramót. Auk þess nefnir framkvæmdastjórn að ýmislegt spennandi sé fram undan varðandi húsnæði skólans sem þó er ekki unnt að deila, að svo stöddu.

3. Útskýring á úthlutun styrkja frá FSHA til aðildarféлага vegna nemenda.



Fyrir fundinn var óskað eftir því að útskýrt yrði hvernig fjármagn dreifðist á milli aðildarféлага. Thelma, fjármálastjóri afhendir fundargestum gögn sem sýna hvernig 800.000 kr. var skipt á milli aðildarféлага m.v. skráningar í félögin.

Fjármálastjóri tekur jafnframt fram að þessi 800.000 kr. sé föst tala sem hafi verið miðað við síðustu starfsár og að þeirri fjárhæð hafi ætíð verið skipt eftir hlutfalli skráninga í aðildarfélögin. Hún nefnir að þessi tala sé þó orðin tiltölulega lág, sérstaklega þegar horft er á þá staðreynd að yfir 1.000 nemendur skráðu sig í aðildarfélög í ár. Ekki hefur komist á samningur á milli FSHA og HA og því sé ekki hægt að hækka fjárhæðina, að svo stöddu.

Bent er á að Data fái til dæmis undir 30.000 krónur og þrátt fyrir að vera lítið félag þurfi meira fjármagn til þess að félagið geti staðið undir sér.

Framkvæmdastjórn tekur undir það og nefnir að það þurfi að breyta reglum og framkvæmda hvað þetta varðar.

Hörður, formaður Data segir að sér finnist ósanngjarnt að t.d. Stafnbúi fái minni pening ráðstöfunar heldur en Magister, með tilliti til þess að Stafnbúar mæti iðulega mun betur á viðburði heldur en félagar Magister.

Upp frá vangaveltu Harðar spyr Ketill hvort að staðan sé kannski orðin sú að aðildarfélög rukki félagsgjöld. Páll, formaður Reka nefnir að í því samhengi þurfi að huga að fjarnemum. Þannig þyrfti að vera eitt verð t.d. fyrir fjarnema og annað fyrir staðarnema.

Ketill segir að þetta sé einungis fræ sem hann sé að strá og biður alla aðila um að velta því fyrir sér hvernig þau sjá framhaldið.

4. Staða á Stóru Vísó.

Berglind, formaður fél- og menn hefur þegar afgreitt þetta mál.

5. Þjóðfundur í hátíðarsal 1. desember, milli 10:00 til 12:00.

Framkvæmdastjórn hefur verið beðin um að finna 20 einstaklinga til þess að taka þátt í þjóðfundi, 1. desember n.k. en þá koma allir nemendur í 10. bekk í



grunnskólum Akureyrar í heimsókn, þar sem haldinn verður þjóðfundur um jafnrétti í viðum skilningi. Framkvæmdastjórn óskar eftir því að fulltrúar í stúdentaráði hjálpi til við að finna flotta einstaklinga í verkefnið. Nánari upplýsingar mun framkvæmdastjórn senda á stúdentaráð að fundi loknum.

6. Jólatré í Miðborg.

Það er í höndum stúdentaráðs að skreyta jólatréð í Miðborg, framkvæmdastjórn nefnir að nú sé kominn tími til þess að huga að uppsetningu þess og mun verða fundinn hentugur tími til þess í næstu viku.

Fundi slitið kl. 17:19



Undirskrift fundargesta

Ketill Sigurður Jóelsson
Formaður FSHA

Sólveig María Árnadóttir
Varaformaður FSHA

Thelma Rut Káradóttir
Fjármálastjóri FSHA

Hörður Ingi Kristjánsson
Formaður Data

Lísa Margrét Rúnarsdóttir
Formaður Eirar

Sigurbjörg Arna Stefánsdóttir
Formaður Kumpána

Heiða Björg Guðjónsdóttir
Formaður Magister

Páll Hólm Sigurðarson
Formaður Reka

Andrés Tryggvi Jakobsson
Forseti Stafnbúa

Pétur Már Jónsson
Formaður Þemis

Kristín Gerðalíð
Formaður Alþjóðanefndar

Berglind Hannesdóttir
Formaður Félags- og menningarlífsnefndar

Bergdís Sigfúsdóttir
Formaður kynningarnefndar